



ÁLFTANESHREYFINGIN



er íbúahreyfing á Álftanesi sem starfar óháð formlegra tengsla við hefðbundna stjórnámálaflokka. Álftaneshreyfingin hefur ákveðið að bjóða fram lista fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Markmiðið er að stuðla að betri framtíð fyrir okkur öll sem búum á Álftanesi og að vernda hið einstaka umhverfi sem hér er að finna.

Þeir íbúar á Álftanesi sem vilja leggja Álftaneshreyfingunni lið fyrir væntanlegar kosningar, með beinni þátttöku eða með því að tilnefna einstaklinga sem líklegir eru til samstarfs, eru beðnir um að hafa samband fyrir **14. febrúar** n.k. með tölvupósti á eftirfarandi netfang: alftaneshreyfingin@gmail.com

Nánari upplýsingar og möguleikar til að láta skoðanir sínar í ljós er að finna á heimasíðu Álftaneshreyfingarinnar: alftaneshreyfingin.blog.is

Boðað verður til fundar stuðningsfólks Álftaneshreyfingarinnar um framboð hreyfingarinnar og stefnumál fyrir lok febrúar n.k.

Takið þátt í að móta vettvang og rödd íbúa á Álftanesi fyrir mannvænu góðu samfélagi á nesinu og tryggja verndun þeirrar sérstöðu sem Álftnesingar njóta á höfuðborgarsvæðinu, fjölbreyttrar náttúru, menningar og sögu!

Álftaneshreyfingin

Helstu stefnumál Álftaneshreyfingarinnar eru:

Að þjónusta við íbúa á Álftanesi, unga sem aldna, verði fyllilega sambærileg við það sem best gerist hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Að skipulagsmálum á Álftanesi verði þannig stýrt að hin einstaka náttúra á nesinu verði vernduð fyrir þá sem hér búa, sem og fyrir aðra íbúa á höfuðborgarsvæðinu og alla þá sem hingað koma.

Að fundnar verði leiðir til að tryggja efnahagslegar forsendur fyrir farsælu samfélagi á Álftanesi án þess að íbúar þurfi að bera þyngri fjárhagslegar byrðar en gerist og gengur í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.